

Aðalfundur Jökларannsóknafélags Íslands, 24. febrúar 2015, í Öskju Náttúrufræðihúsi, stofu 132.

Formaður félagsins Magnús T. Guðmundsson (MTG) setti fundinn kl. 20:17 og fundarstörf hófust skv. útsendri dagskrá

1. Kjör fundarstjóra og fundaritarara: Tómas Jóhannesson var kosinn fundarstjóri að tillögu MTG og Finnur Pálsson fundaritari að tillögu TJ.

2. Kjör heiðursfélaga: engar tillögur hafa verið lagðar fram.

3. Flutt skýrsla stjórnar: MTG formaður félagsins flutti skýrsluna; hann rakti helstu viðburði, ferðir, útgáfumál, fundi og skemmtanir auk framkvæmda í Jökulheimum. Prentuð skýrsla formanns fylgir með þessari fundargerð.

4. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins . MTG lagði fram endurskoðaða reikninga félagsins f.h. Valgerðar A. Jóhannsdóttur, sem var erlendis, og skýrði þá skilmerkilega.

Þetta rekstrarár var afkoma með besta móti, en fram kom að styrkir til útgáfu Jökuls eru nú orðnir hverfandi litlir, sáralítið kemur nú frá ráðuneytum, en var áður verulegur hluti útgáfukostnaðar.

Reikningarnir voru samþykktir með lófataki, með þeirri athugasemd að lag þurfi ártal í síðustu línu framlagðs yfirlits, þar á að standa 2014 en ekki 2012. Meðfylgjandi er afrit reikninganna.

5. Lagabreytingar: Engar tillögur komu fram.

6. Kosning stjórnar og varastjórnar skv. 4. grein laga.

Úr aðalstjórn eiga að ganga meðstjórnendurnir Árni Páll Árnason og Valgerður A. Jóhannsdóttir, en nú á að kjósa til 2 ára í þeirra stað (2015-2017). VAJ gefur ekki kost á áframhaldandi setu. Stjórn leggur til endurkjör ÁPÁ og að Sjöfn Sigsteinsdóttir verði kjörin í aðalstjórn. Samþykkt samhljóða með lófataki.

Úr varastjórn eiga að ganga Vilhjálmur Kjartansson og Þóra Karlsdóttir. Stjórn leggur til að þau verði endikjörin í varastjórn til 2 ára (2015-2017). Samþykkt samhljóða með lófataki.

Í valnefnd er að renna út kjörtímabil Odds Sigurðssonar (3ja ára seta, Stefán var kjörinn 2014, Oddur Sigurðsson var endurkjörinn 2012 og Jón E. Ísdal 2013). Stjórn leggur til endurkjör Odds . Enn samþykkir fundurinn með lófataki.

Og líka þegar lagt var til og samþykkt að Árni Kjartansson og Elías B. Elíasson væru endurkjörnir endurskoðendur.

7. Önnur mál. Engin önnur mál koma fram.

Enn MTG bað um orðið : Styrkjum til útgáfu Jökuls hefur fækkað og þeir lækkað, t.d. voru nú aðeins 100þkr. frá umhverfisráðuneyti. Kanna þarf hvort vísindagreinar Jökuls eigi að birta á netinu eingöngu. Kannaðir hafa verið möguleikar á samstarfi um það við erlend útgáfufyrirtæki en það hafi reynst mjög dýrt og ekki álitlegt. Áfram verður unnið að þessu máli. MTG nefndi líka sérstaklega ótrúlegt vinnuframlag Bryndísar Brandsdóttur við ritstjórn og uppsetningu Jökuls, vinnuframlag hennar spari hundruði þúsunda í kostnaði við útgáfuna. Þó félagið sé ekki í fjárkröggum eru ekki til stórar upphæðir í handbæru fé, ekki þarf stóraföll til að vandræði komi upp. Kanna þarf fleiri tækifæri til samstarfs og fjáröflunar, nýlega var tekið upp samstarf við Neyðarlínuna um rekstur rafstöðvar á Grímsfjalli og styrkur fékkst frá Vinum Vatnajökuls til að koma upp netsíðu með sporðamælingum JÖRFÍ, sem opnuð var í fyrrasumar og er til fyrirmyndar.

Kanna þarf hvort fleiri geti komið að greiðslu kostnaðar vegna vorferðar á Vatnajökul, en sífellt verður meiri aðsókn að þessum ferðum ekki síst sækjast nemendur í jarðvísindum eftir þáttöku bæði vegna verkefna sinna en líka til að kynnst jöklum af eigin raun. MTG nefndi líka að JÖRFÍ njóti mikils trausts í umhverfinu, m.a. í starfi sínu í opinberum nefndum um akstursleiðir og Vatnajökulspjóðgarð. Stjórn JÖRFÍ þarf að vinna í að þessum málum á næstunni.

Fundi var slitið kl 21:05; Finnur Pálsson, fundarritari